

## Fundargerð

Fundur var haldinn í Íslenskri málnefnd í fundarsal mennta- og menningarmálaráðuneytisins miðvikudaginn 23. október 2019 og hófst kl. 15.30. Fundinn sátu Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson, Steinunn Stefánsdóttir, Þröstur Helgason, Ásta Kristín Benediksdóttir, Brynhildur Þórarindóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhann R. Kristjánsson, Melkorka Tekla Ólafsdóttir, Sölvi Björn Helgason og Þórhildur S. Sigurðardóttir. Bjarki Karlsson, Haraldur Blöndal, Helga Sigrún Harðardóttir og Iuliana Kalenikova voru fjarverandi. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

### 1. Fréttir

#### a) Fundur EFNIL í Tallinn

Formaður Íslenskrar málnefndar sótti fund EFNIL (European Federation of National Institutions for Language) í Tallinn í Eistlandi 9.–11. október. Fundurinn hafði yfirskriftina *Language and Economy: Language Industries in a Multilingual Europe*.

#### b) Málræktarþing

Í ár var sú breyting gerð að árlegt málræktarþing Íslenskrar málnefndar var ekki haldið í nóvember í tengslum við dag íslenskrar tungu eins og áður heldur var það haldið 26. september. Efni þingsins tengdist áhersluatriði ársins 2019 samkvæmt stefnuskrá Íslenskrar málnefndar 2015–2019, þ.e. að safna upplýsingum um íslensku og málfar á einn stað (<http://islenskan.is/stefnuskra/stefnuskra-islenskrar-malnefndar-2015-2019>).

#### c) Fundur í Nuuk

Fundur samstarfsnets norrænu málnefndanna var haldinn í Nuuk í Grænlandi 26.–27. ágúst. Ísland er með formennsku í norræna málnefndasamstarfinu og sá því um fundinn og skipulag hans. Formaður og ritari Íslenskrar málnefndar sóttu fundinn.

#### d) Endurskoðun norrænnar málstefnu

Til stendur að endurskoða norræna málstefnu sem norrænu málnefndirnar tóku að sér að semja á sínum tíma. Ekki hefur verið leitað til norrænu málnefndanna núna í sambandi við endurskoðunina og ákvæðu þær að því að senda sameiginlegt bréf vegna þessa.

#### e) Þing norrænu málnefndanna 2020

Þing norrænu málnefndanna verður haldið í Ósló í lok ágústmánaðar á næsta ári. Þemað verður máltækni.

#### f) Skýrsla til mennta- og menningarmálaráðuneytis

Íslensk málnefnd ákvað 2009 að senda í lok hvers tímabils skýrslu til menntamálaráðuneytisins um störf nefndarinnar á liðnum skipunartíma hennar hverju sinni. Katrín Jakobsdóttir, þáverandi menntamálaráðherra, tók við fyrstu skýrslunni. Næsta skýrsla náði yfir árin 2010 til ágústloka 2015. Formaður Íslenskrar málnefndar vinnur nú að skýrslu fyrir það tímabil sem nú er að ljúka. Mun sú skýrsla ná frá september 2015 til loka árs 2019.

### 2. Endurskoðun íslenskrar málstefnu

Til stendur að endurskoða íslenska málstefnu og hefur Íslensk málnefnd umsjón með því verki. Eftirfarandi áhersluatriði voru tekin fyrir á fundinum og var fundarmönnum skipt upp í hópa við umræðurnar.

Hér eru punktar frá hópunum:

a) *Hlutverk skólakerfisins í viðgangi tungunnar:*

i) Hlutur íslensku í kennaranámi

Rætt var um að auka þyrfti hlut íslensku í kennaranámi. Fram kom í rannsókn Kristjáns Jóhanns Jónssonar o.fl. í vor að kennarar eru margir hverjir óöruggir og óvissir um hlutverk sitt. Gott væri að fram færi rannsókn á íslenskukennslu í kennaranámi svipuð þeirri sem gerð var á íslensku í grunn- og framhaldsskólum og áðan var nefnd. Hvert er innihald kennslunnar og áherslur og hvernig eru kröfur sem þar eru gerðar? Þá rannsókn yrðu óháðir utanaðkomandi einstaklingar að sjá um.

ii) Kennaranám

Í tengslum við kennaranám var nefnt að ný lög um eitt leyfisbréf fyrir alla kennara séu varla til þess fallin að auka gæði íslenskukennslu.

iii) Aðalnámskrá

Rætt var um aðalnámskrá grunnskóla. Hún er ekki nógu skýr eða greinagóð.

iv) Ritun

Þáttur ritunar í íslenskukennslu í skólakerfinu þarf að aukast.

v) Nemendur með annað móðurmál en íslensku

Bylting þarf að verða í íslenskukennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku í grunn- og framhaldsskólum en þó kannski einkum í leikskólum. Hér þarf líka að koma til stórauikin námsefnisútgáfa.

b) *Vefgátt með fjölbreyttum gögnum um íslensku*

i) Efniviður

Miklu skiptir að gögn um íslensku séu aðgengileg í einni vefgátt en nú er staðan þannig að til eru tveir vísar að slíkri gátt: Málið.is og Snara.is. Mikilvægt er að sameina efni þessara gátta.

Meginskörunin milli gáttanna tveggja er milli Nútímamálsorðabókarinnar á Málinu og Íslenskrar orðabókar á Snöru.

Grunnurinn að Íslenskri orðabók liggur í eldri prentuðum útgáfum af bókinni en grunnurinn að Nútímamálsorðabókinni kemur frá Íslex.is, norrænu orðabókinni sem byggð hefur verið upp á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. En í því verkefni varð til grunnur íslenskra orða sem aðgengilegt var að vinna með.

Bent var á að í máltækniáætluninni sem nú er unnið eftir sé verið að byggja upp alls konar gögn; textasöfn, orðasöfn o.fl. sem allt á að vera í opnu aðgengi. Þetta er gífurlega mikið efni sem er og verður ókeypis. Mikið efni er sem sagt til og enn meira í vinnslu. Því er hindrunin hér ekki efniviðurinn sjálfur heldur sú að búa því gott og aðgengilegt viðmót.

Hópurinn var sammála um að sjálfum efniviðnum, orðasöfnunum, væri best fyrir komið hjá ríkisstofnun, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eða undirverkefnum hennar, svo sem Clarin. Hins vegar mætti útvísta miðluninni, hönnun útlits og tækni og ef efnið á að nýtast er nauðsynlegt að fjárfesta í þeim þætti.

ii) Viðmót

Það er ekki er einfalt verkefni að miðla rafrænt efni orðabóka og annarra málgagna þannig að það sé bæði aðgengilegt og aðlaðandi fyrir sem flesta. Eitt viðmót getur

hentað einum notanda og annað öðrum, sumir notendur leggja áherslu á aðgengilegt viðmót fyrir tölvuskjá og aðrir fyrir snjalltæki.

Ein leið sem mætti hugsa sér er að þróa öpp sem legðust ofan á grunngáttina, til dæmis lagað að þýðendum, nemum og jafnvel börnum þar sem hugsanlega væru einnig leikir sem tengdust efninu. Varðandi þetta má benda á netskrafl sem byggir í Beygingalýsingu íslensks nútímamáls.

Þá er nauðsynlegt að vinna frá upphafi að því að hægt verði að raddstýra samskiptum við þessi hjálpargögn. Einnig er mikilvægt að gera sér grein fyrir að stöðugt þarf að uppfæra þessa miðlun og leita nýrra leiða vegna þess að tæknin þróast stöðugt og breytist.

Best væri að ekki þyrfti að fara inn á sérstaka gátt til að sækja efnið, heldur væri nóg að smella á orð eða orðastreng, hvort sem er í ritvinnslu, á netinu eða annars staðar, til þess að sækja upplýsingarnar.

### iii) Þýðingar milli mála

Aðeins var rætt um tvímála orðabækur og í því sambandi að Google Translate væri að mörgu leyti skásti kosturinn á því sviði vegna þess hversu fá orð er að finna í mörgum íslenskum tvímála orðabókum og að þær eru ekki uppfærðar þannig að fátt er þar um svör þegar kemur að nýjum og nýlegum hugtökum.

Bent var á að helsti galli Google Translate gagnvart íslensku væri hversu lítið af gögnum liggur að baki vegna þess hversu lítið er til af íslenskum textum í opnu aðgengi. Unnið er að því að bæta úr þessu þannig að meiri gögn geti legið að baki tillögum Google Translate að þýðingum á og af íslensku. Líklega er slík vinna, þ.e. að byggja upp íslenskan textagrúnn í Google Translate sem svo er hægt að keyra saman við gögn fyrir önnur mál, raunhæfasta leiðin varðandi þýðingar milli mála. Til dæmis mætti semja við bókaforlög um að vinna megi úr íslenskum þýðingum og frummálinu og öfugt.

### c) *Íslenska í almannarýminu*

#### i) Ímyndar- eða viðhorfsvandi

Hópurinn var sammála um aðalvandinn væri ímyndar- eða viðhorfsvandi eða jafnvel rangtúlkun á stöðu íslenskunnar sem ætti sér rót í eins konar eftirlendukvíða; hann kæmi fram í því sjálfsmynd Íslendinga snýst ekki lengur um íslensku; hún þykir jafnvel skammarleg núorðið sem hluti af fátækri einangrunarfortíð; eins þykir bókmenntaarfurinn ekki skipta sama máli og áður. Hluti af vandanum er almennt sinnuleysi um tungumál: þannig ber næsta lítið á að Íslendingar læri pólsku þó að æ fleiri sem hér búa hafi hana sem 1. mál. Velta má fyrir sér hverju það sætir.

Við þennan vanda þarf að fást í öllum auglýsingum og kynningum sem mikilvægt er að efna til núna í tengslum við íslenskuáttak stjórnvalda.

#### ii) Íslenska í ferðaþjónustunni

Leggja þarf áherslu á það sinnuleysi sem felst í að halda íslensku ekki á lofti í ferðaþjónustunni og leggja ekki á sig smávægilega aukavinnu til að hafa efni á íslensku sem valkost og þjálfar starfsfólk til að nota hana að einhverju marki. Aftur snýst þetta um sjálfsvirðingu. Engu hóteli dettur í hug að láta gesti koma að óuppbúnu rúmi en jafn sjálfsagt á að vera að íslenskan sé ávallt með.

#### iii) Lög um íslensku en veikt framkvæmdarvald

Stjórnvöld þurfa að sýna meiri hörku í að framfylgja lögum um íslensku þannig að merkingar séu alltaf á íslensku alstaðar; annars sé ekki hægt að halda áfram. Það kallar

auðvitað á almenna vitund um að þetta skipti máli sem kallar á upprætingu sinnuleysis og þessarar sjálfsmýndarkreppu. Stórfyrirtæki, stofnanir og verkalýðshreyfing þurfa einnig að taka þátt í átakinu en fremur lítið ber enn á áhuga þessara aðila.

iv) Kynningarefni ætlað skólum og almenningi

Mikilvægt er að til sé námsefni og kynningarefni um málstefnu ætlað almenningi og skólanum. Flest efni um þetta sem nú er til er ætlað innvígðum.

v) Of neikvæð umræða um stöðu íslenskunnar

Sífelld umræða um dauða íslenskunnar er skaðleg, einkum fyrir yngstu kynslóðina sem sér þá ekki tilgang í að læra hana.

vi) Jafnréttismál

Vekja þarf máls á tengslum íslensku við aðgengi sem komist hefur inn í alla staðla í skipulags- og byggingarmálum eftir langa og stranga baráttu. Það er aðgengismál og jafnréttismál að íslenska sé ekki notuð; snúa þarf við umræðu um að það sé útilokandi að nota íslensku, þvert á móti er útilokandi að nota hana ekki.

Gott íslenskunám er jafnréttismál, t.d. til að hindra að gjá myndist milli kynslóða.

Stjórn Íslenskrar málnefndar mun vinna áfram með þá punkta sem fram komu á fundinum.

### 3. Önnur mál

a) *Heimasíða Íslenskrar málnefndar*

Rætt var um að æskilegt væri að fá nýja heimasíðu fyrir Íslenska málnefnd. Bent hefur verið á ýmis atriði, s.s. að erfitt sé að finna upplýsingar á heimasíðunni og að það þyrfti að vera meira áberandi hvar væri hægt að senda ábendingar til Íslenskrar málnefndar.

Greiningartólið Google Analytics hefur verið sett upp á heimasíðunni og þar má sjá að síðan er nokkuð notuð.

Fundi lauk kl. 16.30.

Guðrún Kvaran  
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir  
sign.